



Vefstefna Reykjanesbæjar



Vefstefna Reykjanesbæjar 2024 - 2027

Reykjanesbær, maí 2024

Hlutverk vefstefnu

Vefstefnan og aðgerðaráætlun sem henni fylgir skal vera leiðarljós þeirra sem vinna með vefi Reykjanesbæjar. Reykjanesbær á og rekur fjölmörg vefsvæði en þeirra helst eru aðalupplýsingavefur sveitarfélagsins, reykjanesbaer.is, visitreykjanesbaer.is, íbúavefurinn mittreykjanes.is og vefir helstu stofnana bæjarins, s.s. grunnskóla, félagsmiðstöðva/frístundaheimila, sem og vefir menningarstofnana. Að auki heldur bærinn úti ýmsum minni vefjum líkt og ljosanott.is, fristundir.is og fleirum slíkum en tekið skal fram að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða.

Markmið vefstefnu Reykjanesbæjar er að einfalda uppsetningu og halda úti vefsvæðum á faglegan máta. Að auki tekur vefstefnan mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um innleiðingu þeirra. Vefstefna Reykjanesbæjar tekur einnig mið af og styður við gildi og grunnstefnu sveitarfélagsins sem og aðrar tengdar undirstefnur. Auk þess er eitt af markmiðunum að samræma verklag þegar kemur að hönnun, miðlun, umsýslu, öryggi o.s.frv.

Leiðarljós

Með vefstefnu Reykjanesbæjar er stafræn þjónusta sveitarfélagsins samræmd með betri, skilvirkari og faglegri upplýsingamiðlun. Vefstefna á að ná til allra vefsvæða sveitarfélagsins og sjá til þess að hin ýmis kerfi tali betur saman, einfalda verklag og ná betri hagkvæmni við rekstur vefsvæða.

Megináhersla vefstefnu Reykjanesbæjar er að:

- Samræma verklag við uppsetningu vefsvæða
- Tryggja að efni á heimasíðum sé í góðum gæðum og aðgengilegt öllum
- Markvissar og áreiðanlegar upplýsingar séu á vefsvæðum sveitarfélagsins
- Notendaviðmót sé gott
- Öryggi sé traust og verklag sé skilvirkt á vöktun heimasíðna sveitarfélagsins

Hlutverk Reykjanesbaer.is

Á megin upplýsingavef Reykjanesbæjar er að finna helstu upplýsingar um þjónustu allra sviða sveitarfélagsins. Meginmarkmið með vefnum er að notendur hafi greiðan aðgang að almennum upplýsingum. Vefstjóri ber ábyrgð á rekstri síðunnar en ábyrgðarmenn mismunandi málaflokka koma að innsetningu efnis.

Hlutverk Visitreykjanesbaer.is

Á Íbúa- og ferðamannavef Reykjanesbæjar er lögð áhersla á að upplýsingar um alla afþreyingu innan sveitarfélagsins sé að finna á einum stað. Á vefnum er að finna yfirlit yfir menningu og viðburði, útivist, göngustíga, hreyfistöðvar, veitingastaði, hótél og margt fleira. Vefsvæðið á að endurspeglar fjölbreytt mannlíf Reykjanesbæjar og auðvelda notendum að taka þátt í því sem á sér stað í bæjarlífinu. Vefstjóri ber ábyrgð á rekstri síðunnar en allir notendur síðunnar hafa heimild til að setja sína viðburði á viðburðardagatalið svo framarlega sem viðburðirnir eru opnir öllum.

Hlutverk Mittreykjanes.is

Innri íbúavefur Reykjanesbæjar er mittreykjanes.is. Þar hafa íbúar aðgang að “mínum síðum” og geta þar sótt um margs konar þjónustu í sveitarfélaginu. Vefstjóri ber ábyrgð á rekstri síðunnar en margir starfsmenn koma að innsetningu efnis.

Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar eru kjörinn vettvangur til þess að miðla upplýsingum um þjónustu sveitarfélagsins, senda út tilkynningar og fréttir. Samskipti Reykjanesbæjar og stofnana sveitarfélagsins við almenning á samfélagsmiðlum miða að því að eiga gagnvirk samskipti við íbúa, auka þjónustu sveitarfélagsins og bæta upplýsingaflæði. Sveitarfélagið hefur gefið út tilmæli og leiðbeiningar um notkun samfélagsmiðla sem hafa skal í huga þegar skrifað er á samfélagsmiðla í nafni Reykjanesbæjar. Tækifæri felast í að virkja samfélagið og efla ímynd þess með því að miðla starfsemi Reykjanesbæjar og því jákvæða sem á sér stað í samfélaginu. Hver og ein deild/stofnun innan sveitarfélagsins ber ábyrgð á sínum samfélagsmiðlum.

Aðrir vefir

Hér hafa verið talin nokkur vefsvæði innan sveitarfélagsins sem miðla upplýsingum um þjónustu deilda og stofnana. Ábyrgð vefstjóra nær til eftirfarandi vefsvæða, reykjanesbaer.is, visitreykjanesbaer.is, mittreykjanes.is. Önnur vefsvæði eru á ábyrgð viðkomandi deildar/stofnunar.

Markhópar vefsvæða Reykjanesbæjar

- **Íbúar:** Íbúar sveitarfélagsins og þeir sem vilja afla sér upplýsinga um sveitarfélagið.
- **Fyrirtæki og stofnanir:** Fyrirtæki sem starfa á svæðinu, fyrirtæki sem leita að uppbyggingarmöguleikum og/eða fjárfestingum, stofnanir sem leita að upplýsingum.
- **Íslenskir sem erlendir gestir:** Ferðamenn sem hafa áhuga á að heimsækja og/eða ferðast um svæðið.
- **Starfsfólk:** Starfsfólk Reykjanesbæjar

Samræmt verklag

Eðlilegt er að margir aðilar komi að umsýslu og innsetningu efnis á vefi Reykjanesbæjar. Það er ljóst að þörf er á að starfsfólk Reykjanesbæjar hafi aðgengi að skýru verklagi við mótun og umsýslu vefsvæða. Að þar séu upplýsingar um val á kerfisþjónum. Þar séu einnig til staðar skýrar lýsingar á ábyrgðarþætti starfsmanna er vinna á vefsvæðum bæjarins. Tryggja skal að einfalt sé að vinna við uppsetningu vefsvæða og því er mikilvægt að verklagið sé aðgengilegt öllu starfsfólki sem vinnur við vefi sveitarfélagsins. Við samræmt verklag verður stuðst við gæðahandbók Reykjanesbæjar.

Með því að samræma verklag er verið að styrkja starfsfólk við að veita betri rafræna þjónustu og ná meiri hagkvæmni í uppsetningu vefsvæða. Með faglegri rafrænni þjónustu í sveitarfélaginu verður notendaupplifun heildstæðari. Auk þess er verið að viðhalda faglegri ímynd, tryggja trausta upplýsingagjöf og auka öryggi vefsvæða ásamt því að ná meiri hagkvæmni þegar kemur að uppsetningu og umsýslu.

Efnisveita

Til að tryggja að vefir endurspegli ásýnd bæjarins og taki mið af leiðarvísi um útlit þarf að vera til staðar vettvangur þar sem aðgengi er að efni sem nýta skal við vefsíðugerð. Gæta skal

samræmis í hönnun og viðmóti vefja Reykjanesbæjar en þó þannig að stofnanir eða vefir hafi sveigjanleika til að draga fram sína sérstöðu í samræmi við þeirra þarfir. Móta þarf og hanna efni í samstarfi við sérfræðinga þar sem stuðst verður við hönnunarstaðal sveitarfélagsins. Hægt er að líta til annarra sveitarfélaga sem hafa nú þegar mótað samræmt efni og nýta reynslu þeirra þegar kemur að vettvangi til að hýsa álíka efni.

Svokallaður hönnunarvettvangur verður aðgengilegur öllum þar sem verður að finna allt markaðs- og vefefni sem nýta má við auglýsinga- og vefsíðugerð. Þá er átt við ýmis sniðmát þegar kemur að blaða-, vef- og prentauglýsingum, byggðamerki bæjarins, sniðmát við vefsíðugerð, hnappar, borðar ásamt alls kyns öðru efni sem starfsmenn Reykjanesbæjar geta nýtt sér við sína vinnu.

Öll myndmiðlun á vefsvæðum þarf að vera í góðum gæðum og endurspegla þá faglegu þjónustu sem sveitarfélagið veitir. Skýrt verklag um myndir, myndvinnslu og myndbirtingu þarf að vera til staðar til að tryggja að gæði séu við miðlun upplýsinga. Allar myndir þurfa að standast lög um persónuvernd og samþykki verður að vera til staðar fyrir notkun á öllu myndefni bæjarins.

Með því að veita aðgang að samræmdu efni við gerð vefsíðna eru samræmt útlit og góð vinnubrögð tryggð í rafrænni miðlun sveitarfélagsins.

Upplýsingaveita

Vefir Reykjanesbæjar miðla upplýsingum um starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Ávallt er leitast við að tryggja **áreiðanlega miðlun upplýsinga**. Vefirnir eiga að styðja við opna og gagnsæja stjórnslu og áhersla lögð á að gera notendum kleift að leysa úr erindum sínum og um leið stuðla að ánægjulegri notendaupplifun.

Mikilvægt er að efni sem birt er á vefnum sé skrifað fyrir vef. Allt efni þarf að taka mið af þörfum ólíkra hópa eins og kostur er, **svo sem blindra, sjónskertra, lesblindra, fólks með hreyfihömlun og annarra hópa fólks með fötlun.**

Líkt og segir í kafla um samræmt verklag eru margir aðilar sem umsýsla vefsvæði og því er nauðsynlegt að til staðar séu **skýrar leiðbeiningar sem lýsa hvernig nota skal hnitmiðað mál, stuttar málsgreinar, skýrar frásagnir og fleira er varðar ritað mál á vefsvæðum**. Með því að einfalda orðalag og miðlun texta er handhægara að nota þýðingarvél og þar af leiðandi ná til stærri notendahóps og þeirra sem hafa ekki íslensku sem móðurmál.

Notendaviðmót

Vefir Reykjanesbæjar skulu vera notendavænir og setja þarfir notenda í fyrsta sæti. Leitast skal við að notendur geti afgreitt sig sjálfir, allar boðleiðir skulu vera skýrar og fáir smellir að lykilupplýsingum og virkni. Áhersla er lögð á öflugla leitarvél með það að marki að svara spurningum notenda á hraðan og einfaldan hátt. Einnig þarf að gæta að því að leiða notendur vel áfram í skilvirknu veftréi. Þannig má spara tíma við leit og minnka álag á þjónustuver sem og annað starfsfólk, fækka innhringingum og heimsóknum.

Tryggja þarf að vefir Reykjanesbæjar séu aðgengilegir öllum óháð getu eða fötlun og að þeir fylgi stefnu stjórnvalda um opinbera vefi. Vefirnir taka mið af alþjóðlegum stöðlum um aðgengismál og eru aðlagðir að helstu tækjum líkt og farsímum og spjaldtölvum.

Til að hámarka notendaupplifun er hægt að fylgjast með umferð notenda í gegnum mælitæki, setja ákveðin viðmið og fylgja þeim eftir með skýrum markmiðum. Einnig er tækifæri í að senda

reglulega út notendakannanir og móta rýnihópa til þess að betrumbæta notendaupplifun og aðlaga vefþjónustu að svörum þeirra.

Notandinn er grundvöllur alls vefumhverfis. Með því að hámarka notendaupplifun er sveitarfélagið að veita hraðari og skilvirkari þjónustu til þeirra sem að henni leita.

Öryggi og vöktun

Á vefjum Reykjanesbæjar er lögð áhersla á að tryggja fyllsta öryggi og fylgja þeim öryggisstöðlum sem settir eru á opinberum vefjum hvað varðar undirliggjandi kerfi, tengingar vefkerfis við önnur kerfi bæjarins sem og hýsingu. Verklag þarf að vera til staðar sem tryggir að réttir ábyrgðaraðilar séu skráðir og vefsvæði séu örugg fyrir netárásam.

Reykjanesbær leggur áherslu á að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vefjum sveitarfélagsins, samanber persónuverndarstefnu Reykjanesbæjar. Besta mögulega tækni skal nýtt til að stuðla að skilvirkni og öryggi í miðlun upplýsinga og í samskiptum við notendur. Vefir Reykjanesbæjar nota vafrakökur til að tryggja notendum bestu upplifun af vefnum. Það er stefna Reykjanesbæjar að nota vafrakökur sparlega og upplýsingum er ekki miðlað til annarra nema samkvæmt lagaskyldu til eftirlitsaðila. Tryggja skal að allur gagnaflutningur í gegnum vefinn sé öruggur.

Framtíðarsýn

Tilgangur vefstefnunnar er að allir vefir Reykjanesbæjar séu til fyrirmyndar hvað varðar innihald, nytsemi, aðgengi, þjónustu og öryggi. Sérstaklega verður gætt að aðgengismálum og farið eftir stefnu stjórnvalda í þeim efnum. Vefir Reykjanesbæjar eiga að vera framsæknir og leiðandi í stafrænni tækni. Þeir eiga að vera aðgengilegir öllum, óháð getu og/eða fötlun. Vefsvæðin eru notendavæn, nútímaleg og viðmót þeirra einfalt og þægilegt í notkun.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS